

376. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. desember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mætt:**

Björn H Hilmarsson  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Jón Bjarki Jónatansson  
Michael Gluszek  
Margrét Sif Sævarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

**1) Tjaldsvæði Snæfellsbæjar.**

Patrick Roloff, umsjónarmaður tjaldsvæða Snæfellsbæjar mætti á svæðið og farið var yfir starf tjaldsvæðanna sumarið 2023.

**2) Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari, ætlaði að mæta á fundinn, en komst ekki. Kristinn fór yfir starfseminna, en hann sat sinn fyrsta skólanefundarfund í vikunni. Bæjarstjórn hefur þó áhuga á að fá Hrafnhildi inn á fund strax í byrjun næsta árs til að fara betur yfir málin.

**3) Fundargerð 345. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 30. nóvember 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 31. október 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**5) Fundargerð 177. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. nóvember 2023.**

Vardandi lið 3, óverulegar breytingar á aðalskipulagi á Öxl, þá hefur þeirri tillögu verið breytt eftir fund umhverfis- og skipulagsnefndar. Í stað þess að stækka verslunar- og þjónustusvæðið úr 2 ha í 3 ha, þá er nú gert ráð fyrir að þeir reitir sem fyrir eru minnki úr 1 ha hvor, í annars vegar 0,3 ha og hins vegar 0,7 ha. Nýi reiturinn verður eftir sem áður 1 ha, en með þessum breytingum, sem unnar voru í samvinnu við eigendur, er ekki verið að auka við verslunar- og þjónustusvæðið. Vardandi liði 5 og 8, þá samþykkti bæjarstjórn að breyta orðalagi samþykktar umhverfis- og skipulagsnefndar í það að erindið sé samþykkt með fyrirvara um nægilegt slökkvivatn. Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkomnum breytingum og athugasemdum.

**6) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 26. október og 27. nóvember 2023.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**7) Fundargerðir 2. og 3. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag, dags. 22. ágúst og 21. nóv. 2023.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**8) Fundargerð 18. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. desember 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**9) Fundargerð 145. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 5. desember 2023.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

BHH  
MSS  
JPD

- 10) **Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. nóvember 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð 177. fundar stjórnar SSV, dags. 3. október 2023,**  
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 458. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. nóvember 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. nóvember 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 1. desember 2023, varðandi lækkun umferðarhraða á Útnesvegi 574 við Stóra- og Litla-Kamb.**  
Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við þessar breytingar og styður þær heilshugar.
- 16) **Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 1. desember 2023, varðandi úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024.**  
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að fyrir Snæfellsbæ gildi sömu reglur og giltu fyrir fiskveiðiaríð 2022/2023, skv. reglugerð nr. 849/2023 um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024.
- Bæjarstjórn óskar eftir því að ákvæði reglugerðar 849/2023 gildi um úthlutun byggðakvóta Arnarstapa, Hellissands, Ólafsvíkur og Rífs með eftirfarandi breytingum:
- Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „í þorsígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður „í þorsígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“
  - Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.
- Rök bæjarstjórnar Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.
- Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.
- 17) **Reglur um frístundastyrki í Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar reglur um frístundastyrki í Snæfellsbæ.
- 18) **Bréf frá bæjarritara, dags. 10. nóvember 2023, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.**  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að framlengja afslátt gatnagerðargjalda til 31/12 2024.
- 19) **Tilnefning aðalmanns í hafnarstjórn.**  
Tillaga kom um Odd Orra Brynjarsson.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.
- 20) **Tilnefning varamanns í hafnarstjórn.**  
Tillaga kom um Michael Gluszuk.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.

FS  
BHH  
Mc  
MSS  
Ar  
JBS

**21) Tilnefning varamanns í öldungaráð.**

Tillaga kom um Matthildi Kristmundsdóttur.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.

**22) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024.**

Eftirfarandi gjaldskrár voru lagðar fram til samþykktar:

**a) Álagningarprósenta útsvars í Snæfellsbæ**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að álagningarprósenta útsvars árið 2024 verði 14,74% á árinu 2024, eða sú sama og árið 2023. Bæjarstjórn gerir þó fyrirvara um það að ef sveitarfélögum verði gefinn kostur á að hækka útsvarsprósentuna með mögulegum breytingum á lögum frá Alþingi um útsvarsprósentur sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks, en mun þá Snæfellsbær nýta sér þá heimild.

**b) Gjaldskrá fasteignagjalda**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**c) Gjaldskrá leikskólajalda**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**d) Gjaldskrá leikskólalæsi við Lýsuhólsskóla**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**e) Gjaldskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**f) Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**g) Gjaldskrá sundlaugar og íþróttahús Snæfellsbæjar í Ólafsvík**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**h) Gjaldskrá Lýsulauga**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**i) Gjaldskrá slökkviliðs Snæfellsbæjar**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**j) Gjaldskrá sorphirðugjalda**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**k) Gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**l) Gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**m) Gjaldskrá byggingarleyfis- og gatnagerðargjalda**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu þessarar gjaldskrár þar sem hún er enn í vinnslu í tæknideild Snæfellsbæjar.

**n) Gjaldskrá tjaldstæða Snæfellsbæjar**

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**o) Gjaldskrá félagsheimila í Snæfellsbæ; Röst og Klif**

Gjaldskrár félagsheimilanna samþykktar samhljóða.

FS  
BAAA  
MC  
MSS  
All  
)B1

- p) **Gjaldskrá vatns- og fráveitu**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

23) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024. Seinni umræða.**  
Eftirfarandi var lagt fram til samþykktar:

a) **Styrkveitingar á árinu 2024**

Þetta árið bærust styrkbeiðnir frá félagasamtökum og fleirum fyrir á annað hundrað milljónir króna. Ljóst var þegar hafist var handa við vinnu fjárhagsáætlunar 2024 að ekki væri unnt að verða við þeim öllum og því hófst það vandasama verk að forgangsraða. Styrkveitingar ársins 2024 verða sambærilegar við undanfarin ár og forgangsraðar bæjarstjórn að venju styrkjum til íþrótt- og ungmennastarfs, enda gríðarlega mikilvægt fyrir hvert samfélag að stuðla að bættri lýðheilsu íbúanna og virkni barna og unglinga í félagslífi og afþreyingu. Framlögð tillaga að styrkveitingum á árinu 2024 var samþykkt samhljóða.

b) **Framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar 2024**

Beiðnir forstöðumanna vegna framkvæmda voru töluvert háar fyrir árið 2024, og eins og með úthlutun styrkja, þurfti að forgangsraða þegar kom að úthlutun fjármuna til framkvæmda. Bæjarstjórn telur að vel hafi tekist til við viðhaldsverkefni ársins 2023 og telur jafnframt rétt að halda þeim áfram á árinu 2024.

Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 var samþykkt samhljóða.

c) **Framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs 2024**

Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs fyrir árið 2024 var samþykkt samhljóða.

d) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024**

Eftirfarandi bókun var lögð fram í umræðu um fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar árið 2024.

“Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur í sameiningu unnið að gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Samstarf bæjarstjórnar hefur verið gott í þessari vinnu og samstaða verið um breytingar á gjaldskrá, styrkveitingar og framkvæmdaliði fyrir árið 2024.

Verðbólga ársins 2023 fór töluvert fram úr spám Hagstofunnar og telur bæjarstjórn þörf á að mæta þeim kostnaði sem sú verðbólga hefur valdið með gjaldskrárhækkunum. Verðbólgan hefur verið í kringum 9% á árinu, og munu gjaldskrár Snæfellsbæjar hækka um 7-10% á árinu 2024.

Töluverðar breytingar verða á árinu 2024 varðandi sorpmál í Snæfellsbæ og tekur gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda mið af því. Helstu breytingar verða þær að frá og með 1. apríl þá verður fólk að flokka í fjóra flokka heim við hús og fara með tvo sorpflokka á grenndarstöðvar. Jafnframt er ljóst að sá kostnaður sem verður við sorpmál í Snæfellsbæ mun hækka vegna krafna um aukna flokkun. Fram til þessa hafa íbúar ekki verið að borga þann kostnað beint sem verður vegna sorpmála en það er ekki í samræmi við lög og reglugerðir. Því þarf bæjarstjórn að bregðast við því og hækka gjöld vegna sorpmála. Bæjarstjórn gerir sér fulla grein fyrir að þetta eru miklar hækkunarir en á móti má segja að fram til þessa hafi verið reynt að halda gjöldum vegna sorpmála í algjöru lágmarki. Nú verður því miður ekki lengur hægt að komast hjá hækkunum.

Gjaldskrá fasteignagjalda tekur engum breytingum milli ára. Breytingar voru gerðar á álagningarprósentu vatns og holræsis í gjaldskrá fyrir árið 2023 og halda þær breytingar sér á árinu 2024. Sú breyting var samt sem áður gerð á gjaldskrá fasteignagjalda að gjalddögum var fjölgað úr 8 í 10 og verða á árinu 2024 frá 1. febrúar til 1. nóvember.

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu ársins.

AL  
BHH  
ME  
MSS  
JEB

Útvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt, en þó með fyrirvara um breytingar á lögum frá Alþingi um útvarsprósentur sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og að henni hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagasamtaka á árinu 2024 verða um 64,8 milljónir. Eins og áður hefur komið fram, þá blasti töluverður vandi við bæjarstjórn við úrvinnslu styrkja þar sem beiðnir bárust fyrir um á annað hundrað millj. króna. Ljóst var að ekki var mögulegt að verða við öllum beiðnum og því þurfti að forgangsraða.

Snæfellsbær mun áfram bjóða upp á frístundastyrk til tómstundastarfs ungmenna og á árinu 2024 mun sá styrkur hækka úr kr. 30.000.- á barn í kr. 33.000.-, og fylgir hann launavísitölu. Jafnframt var aldursbilið víkkað í báðar áttir, en nú gildir frístundastyrkur fyrir öll börn og ungmenni með lögheimili í Snæfellsbæ á aldrinum 0-20 ára. Nýjar reglur um frístundastyrki má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar.

Snæfellsbær verður 30 ára á árinu 2024 og í tilefni af því hefur markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar verið í samstarfi við samstarfsmenn Erró um að setja upp listaverk eftir hann í nágrenni Pakkhússins í Ólafsvík næsta vor í tilefni tímamótanna.

Svigrúm til framkvæmda er ágætt. Áfram er gert er ráð fyrir því að stór hluti framkvæmda ársins 2024 verði í viðhaldsframkvæmdum á húsnæði bæjarins. Samtals er gert ráð fyrir um 170 milljónum í viðhalds- og framkvæmdaverkefni á stofnunum bæjarins, þar sem stærstu einstöku verkefni verða viðgerðir á þaki íþróttahússins í Ólafsvík og félagsheimilinu Klifi. Jafnframt er gert ráð fyrir framkvæmdum við viðbyggingu á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík, stækkun á inngangi á Jaðri, ásamt öðrum smærri viðhalds- og framkvæmdaverkefnum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2024 verður hins vegar kaup á gámastöðinni Enni í Ólafsvík, sem er hluti af fyrirhuguðum breytingum í sorpmálum.

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði rúmar 593 milljónir króna, þar af um 318 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og rúmar 275 milljónir hjá Hafnarsjóði.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er ágæt. Gert var ráð fyrir lántöku upp á 100 milljónir í fjárhagsáætlun ársins 2023, en ekki hefur verið nauðsynlegt að nýta þá heimild. Snæfellsbær er því ekki að auka við lán á árinu 2023, heldur lækka lán sín töluvert á raunvirði. Á árinu 2024 er ekki gert ráð fyrir nýjum lántökum, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar.

Fjárhagsáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir að skila rekstrarafgangi upp á rúmar 105 milljónir hjá A-hluta sjóðum, en um 167 milljónum hjá samanteknum A- og B-hluta sjóðum. Það þýðir að reksturinn gefur ákveðið svigrúm til fjárfestinga og því þarf ekki að fjármagna fjárfestingar ársins með lántöku. Skuldahlutfall Snæfellsbæjar í ársreikningi 2022 var 74% hjá A-hluta og 61,36% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta, en ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 49,55% hjá A-hluta og 37,4% fyrir samstæðuna. Þar sem engin lán voru tekin á árinu 2023 er gert ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar verði enn lægra í árslok 2023 og jafnframt er gert ráð fyrir að það lækki enn frekar á árinu 2024 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku. Rétt er að taka fram að skv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfall sveitarfélaga ekki fara yfir 150% og telst því Snæfellsbær mjög vel statt sveitarfélag.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2024, eins og áður kemur fram, eða um 275 milljónir króna. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel stæður og skuldar engin langtímalán. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum hjá Hafnarsjóði á árinu 2024.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum. Ljóst er þó að kjarasamningar eru flestir lausir nú í lok mars, sem gerir það að verkum að rennt er blint í sjóinn með áætlun launa fyrir árið 2024. Hagstofan gerir ráð fyrir ríflega 7% hækkun launavísitölu á árinu 2024 og er það viðmiðið sem notað er í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar. Rekstur stofnana hefur gengið mjög vel á árinu 2023 og er að miklu leyti því að þakka hversu gott samstarf hefur verið við forstöðumenn og starfsfólk

Snæfellsbæjar. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar treystir á að samstarfið verði áfram farsælt, því einungis þannig verður hægt að ná fram góðum rekstri og veita góða þjónustu hjá sveitarfélaginu.

Björn H Hilmarsson  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Jón Bjarki Jónatansson  
Michael Gluszuk  
Margrét Sif Sævarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða framlagða fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024.


**24) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2025-2027.**


Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2025-2027 var lögð fram og samþykkt samhljóða.

**25) Minnisþingar bæjarstjóra.**


- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit janúar – nóvember.
- Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana.
- Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum sem styrktar eru af Vegagerðinni.
- Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
- Bæjarstjóri sagði frá málefnum slökkviliðsins.
- Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela markaðs- og kynningarfulltrúa að standa fyrir samkeppni um nýtt nafn á Ólafsbraut 23.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:08


  
Björn H Hilmarsson


  
Júníana Björg Óttarsdóttir

  
Michael Gluszuk

  
Auður Kjartansdóttir

  
Margrét Sif Sævarsdóttir

  
Jón Bjarki Jónatansson

  
Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari